



## SAMKEPPNISSTOFNUN

31. janúar 2005

### Fréttatilkynning

Í dag kvað áfrýjunarnefnd samkeppnismála upp úrskurð í máli olúfélaganna gegn samkeppnisráði. Höfðu félögin kært til áfrýjunarnefndar ákvörðun samkeppnisráðs um ólögmeitt samráð félaganna.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála er m.a. staðfest sú niðurstaða samkeppnisráðs að olúfélögin hafi um níu ára skeið haft með sér skipulagt, umfangsmikið, samfellt ólögmeitt samráð. Þá er ekki tekið undir þau sjónarmið olúfélaganna að brot félaganna á samkeppnislögum hafi verið fyrnd eða að málsmeðferð og rannsókn málsins hafi verið svo ábótavant að ógilda bæri niðurstöðu samkeppnisráðs. Þvert á móti má lesa úr úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála að rannsókn samkeppnisyfirvalda hafi verið vönduð. Áfrýjunarnefndin staðfestir einnig í meginatriðum niðurstöður samkeppnisráðs um einstök alvarleg brot olúfélaganna á samkeppnislögum.

Þrátt fyrir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þá niðurstöðu samkeppnisráðs að ávinningur olúfélaganna í formi sk. einingaframlegðar á fljótandi eldsneyti hafi hækkað á tímabilinu 1996-2001 í samanburði við árin 1993-1995 um 6,5 milljarða króna taldi nefndin ástæðu til að lækka þær sektir sem samkeppnisráð hafði ákvarðað olúfélagunum. Þannig ákveður áfrýjunarnefnd stjórnvaldssekt á hendur Olúfélaginu ehf. að fjárhæð 900 m. kr. Vegna samstarfs við samkeppnisyfirvöld við að upplýsa málið er Olúfélaginu gert að greiða 490 m.kr. Samkeppnisráð hafði lagt á 1.100 m.kr. sekt og ætlað félaginu að greiða 605 m. kr. Skeljungi hf. er gert að greiða 450 m.kr. í stað 1.100 m. kr. sem samkeppnisráð hafði ákvarðað og Olúverslun Íslands hf. er ákvörðuð 700 m.kr. stjórnvaldssekt og til greiðslu 560 m.kr. í stað 880 m. kr. í ákvörðun samkeppnisráðs.

#### 1.

##### Form málsins

Fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála gerðu olúfélögin alvarlegar athugasemdir við rannsókn samkeppnisyfirvalda og málsmeðferð sem varða ættu ógildi ákvörðunar samkeppnisráðs í heild. Jafnframt var því haldið fram að brot félaganna væru fyrnd. Að mati Samkeppnisstofnunar tekur áfrýjunarnefnd samkeppnismála undir öll helstu sjónarmið samkeppnisráðs úr hinni kærðu ákvörðun varðandi formhlið málsins og staðfestir að rannsókn samkeppnisyfirvalda hafi fullnægt þeim kröfum sem til hennar verða gerðar.

Þannig er því hafnað, að Samkeppnisstofnun hafi verið rangt að halda rannsókn sinni áfram þrátt fyrir að lögregla hafi hafið rannsókn á þætti nokkurra einstaklinga í samráði félaganna. Ekki er fallist á að félögin hafi ekki notið andmælaréttar fyrir utan Orkuna, en um það atriði er nánar fjallað síðar. Ekki er fallist á að rannsókn Samkeppnisstofnunar hafi verið áfátt né að fyrir liggi, að félögin hafi gefið



upplýsingar á röngum forsendum. Fallist er á það mat samkeppnisráðs að um samfellt samráð olíufélaganna hafi verið að ræða og loks er því hafnað að brot olíufélaganna séu fyrnd.

Í stuttu máli leiðir af úrskurði áfrýjunarnefndar að engir þeir gallar voru á rannsókn Samkeppnisstofnunar sem varðað gátu ógildinguna ákvörðunar samkeppnisráðs.

## 2.

### **Samráð olíufélaganna**

Í ákvörðun sinni taldi samkeppnisráð að olíufélögin hafi á tímabilinu 1993-2001 haft með sér umfangsmikið og alvarlegt samráð sem hafi aðallega falist í samráði um verðlagningu á olíuvörum, samráði um gerð tilboða í útboðum viðskiptavina og skiptingu markaðarins eftir einstökum viðskiptavinum eða á einstökum landssvæðum.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála er í öllum aðalatriðum fallist á mat samkeppnisráðs á ólögmetu samráði olíufélaganna. Þannig segir í úrskurði nefndarinnar að gögn málsins sýni að um hafi verið að ræða langvarandi og víðtækt samráð olíufélaganna. Markmið þessa samráðs hafi að mati áfrýjunarnefndar verið að raska með kerfisbundnum hætti samkeppni með ýmsum samráðsaðgerðum sem hafi einkum verið fólgnar í því að eyða samkeppni og hækka vöruverð.

Í málflutningi sínum hafa olíufélögin lagt á það mikla áherslu að dregið hafi úr samráði félaganna á seinni hluta samráðstímabilsins. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á það með samkeppnisráði að svo hafi ekki verið. Telur nefndin að samráðið hafi verið mun alvarlegra, skipulagðara og tíðara á tímabilinu 1996-2001 en á tímabilinu 1993-1995.

## 3.

### **Sektir olíufélaganna**

Að mati Samkeppnisstofnunar skipta þrjú atriði mestu varðandi niðurstöðu áfrýjunarnefndar um viðurlög olíufélaganna.

Í fyrsta lagi sýnist áfrýjunarnefndin staðfesta í öllum meginatriðum mat samkeppnisráðs á ávinningi félaganna. Þær aðferðir sem samkeppnisráð beitti við það mat sættu harðri gagnrýni félaganna en áfrýjunarnefndin segir aðferð samkeppnisráðs hentuga, rökrétta og fullnægjandi og staðfestir nefndin að samráðið leiddi til verulegs ávinnings félaganna og talsverðs skaða í samfélaginu.

Af niðurstöðu nefndarinnar má ráða, að hún telur rétt að taka ívið meira tillit til áhrifa hagvaxtar, þróunar gengis og launabreytinga en gert var í ákvörðun samkeppnisráðs, án þess að ljóst sé af úrskurðinum hversu aukið það tillit nákvæmlega er. Samkeppnisstofnun gerir að sjálfsögðu enga athugasemd við þetta, enda er hér um matskennt sjónarmið að ræða sem áfrýjunarnefndin, sem æðra stjórnvald á sviði samkeppnismála, hefur lokaorðið um.

Í öðru lagi telur Samkeppnisstofnun mjög þýðingarmikið að brot olíufélaganna teljast varða sekt sem nemur rúmum 2 milljörðum króna, en um 1,5 milljörðum þegar reiknað hefur verið með afsláttum Olíufélagsins hf. og Olíuverslunar Íslands hf. frá sekt, vegna samvinnu þeirra við að upplýsa málið. Sjónarmið samkeppnisráðs um mat á þeim afslætti gagnvart öllum félögunum eru staðfest í úrskurðinum.



Í þriðja lagi skiptir máli, og í því liggur að mati Samkeppnisstofnunar meginmunurinn á forsendum áfrýjunarnefndar og samkeppnisráðs varðandi ákvörðun viðurlaga, að nefndin virðist telja rétt, að mismunandi mikill ávinningur félaganna eigi að endurspeglast í þeirri sekt sem þeim er gert að sæta. Ljóst var af ákvörðun samkeppnisráðs að sannaður ávinningur Skeljungs hf. var lægri en hinna félaganna og virðist fyrst og fremst það sjónarmið leiða til þess að sekt Skeljungs verður lægri en hinna félaganna og lægri en samkeppnisráð ákvað.

Í ákvörðun samkeppnisráðs var talið að gögn málsins sýndu, að félögin bæru jafn mikla ábyrgð á samráðsbrotinu þótt þeim hefði í misjafnlega miklum mæli tekist að gera sér ávinning úr því. Samkeppnisráð taldi því rétt, m.a. með vísan til norrænnar réttarframkvæmdar í samkeppnismálum, að láta sekt félaganna endurspegla jafna ábyrgð þeirra á brotinu. Þess vegna varð grunnfjárhæð sektar olíufélaganna þriggja sú sama, en síðan voru gefnir afslættir frá þeirri fjárhæð eftir atvikum.

Að þessu leyti virðist áfrýjunarnefndin því vera samkeppnisráði ósammála þótt nefndin staðfesti í aðalatriðum allt hið samkeppnisréttarlega mat samkeppnisráðs, þar á meðal að ekki verði séð að eitt félag hafi tekið minni þátt í verðsamráðinu en önnur.

#### 4.

#### **Þáttur Orkunnar**

Í úrskurði sínum kemst áfrýjunarnefnd samkeppnismála að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að umtalsverð eignatengsl hafi verið með Skeljungu og Bensínorkunni (Orkan) frá árinu 2000 sé um tvö sjálfstæð fyrirtæki að ræða að lögum. Hafi ekki verið sýnt fram á að Skeljungur geti komið fram sem fyrirsvarsmaður Orkunnar. Orkan hafi sökum þess ekki gripið til andmæla gegn þeim frumathugunum sem legið hafi fyrir. Af því leiði að andmælaréttur hafi verið brotinn gegn Orkunni í því mæli að ekki verði bætt úr fyrir áfrýjunarnefndinni. Ómerkir nefndin því málsmeðferðina hvað Orkuna varðar og tekur ekki efnilega afstöðu til meintra brota félagsins.

Þann 23. maí 2003 sendi Samkeppnisstofnun Orkunni og Skeljungu bréf þar sem tilkynnt var að stofnunin liti svo á að Skeljungur færi með fyrirsvar fyrir Orkuna í málinu sökum tengsla félaganna. Engar athugasemdir bárust frá Orkunni eða Skeljungu vegna þessa skilnings Samkeppnisstofnunar, og taldi Samkeppnisstofnun því að andmælaréttur Orkunnar hefði verið tryggður nægjanlega.